10. 5. 80

# G-e-r-ð-a-b-ó-k.
# ungmennafjelagsins.
# „Æskan.“

# L-ö-g
## fyrir málfundafjelagið
## „Æskuna“

1 gr.
Fjelagið heitir „Eskaw"

2 gr.
Takmark fjelagsins er, að æfa meðlimi sína í því að koma hugsunum sínum skipulega fram í ræðu og riti.

3. gr.
Fjelagið vill ná tilgangi sínum á þann hátt er hjer segir:
a) Að halda málfundi tvisvar í hverjum viku mánuði.
b). Að halda út blaði, sem lesið sje upp á hverjum fundi af ritstjóra.
c). Blaðið heitir „Stígandi,"
og sje minst fimm póstpappírs-
að stærð.
d) þriggja manna nefnd sje kosin



á hverjum fundi til að sjá um útkomu blaðsins, og sje einn ritstjóri.
e). Að skifta fundastörfum fjelagsins milli allra meðlima sinna á víxl.
f). Að venja meðlimi sína í því að halda fundareglur og mæla skammlaust.

4 gr.
Inntökuskilyrði í fjelagið eru þessi:
a) Að hlutaðeigandi sje á aldrinum frá 15–40 ára.
b) Að hann skrifi undir lög þess.
c) Enginn getur orðið meðlimur fjelagsins skemmri tíma en eitt ár í senn.

5 gr.
Inntaka í fjelagið fæst aðeins á aðalfundi. Úrsögn skal að eins tekin gild komi hún skrifl. á aðalfund fjelagsins

6. gr.

Fjelaginu stjórni 3 menn, sem kosnir eru til eins árs í senn af meðlimum þess.

7. gr.

Stjórnin annist allar framkvæmdir fjelagsins og hefur á hendi alla bókun fyrir það. Finnist henni það nauðsynlegt getur hún boðað til aukafunda.

8. gr.

Aðalfundur fjelagsins skal haldinn á tímabilinu frá 30 april til 20 mai, ár hvert.

9. gr.

Á aðalfundi fjelagsins skal kosið í stjórn þess og athugið fjármál þess ef nokkur eru.



10. gr.

Fundir skulu haldnir til skiftis á öllum heimilum fjelagsmeðlima eftir ákvæðum síðasta fundar, sje eigi annað ákveðið af fjelaginu.

11. gr.

Fjelagið skal rofið og hætta störfum sínum ef það er samþykkt á lögmætum fundi með 3/4 hluta atkvæða allra fjelaga er fundinn sækja, og skal fundurinn gera þaraðlútandi ráðstafanir.
Fundurinn er lögmætur þá mætt-ur er helmingur fjelagsmanna.

12. gr.

Lögum þessum má breyta á lögmætum fundi með 2/3 hluta atkvæða þeirra fjelaga sem á fundinum eru.

Lög þessi voru sett, á stofn-fundi fjelagsins 22 nóvember 1914.

~~Guðmundur Jónsson~~ Brynjólfur Sveinsson
Pétur Jónasson Jóh. Sigtryggsson
~~Björn Jónsson~~ Jón Sigtryggsson
Sig. G. Jósefatsson ~~Sig. Stefánsson~~
Björn Tómásson Björn Jónasson
Sigurður Jónasson ~~Sig. Sigfússon~~

# Fundargerð.

Þann 22 nóvbr. 14. var fundur settur og haldinn á Framnesi af 7. fjelögum í ungmenna fjelaginu „Framsókn“, sem eru á framhluta fjelagssvæðsins auk 3ja. manna utan fjelags. Markmið þessa fundar var: Að mynda deild útur áður-nefndu fjelagi, sem hjeldi málfundi með sjer og hjeldi út blaði til ritæfinga. Ástæðan til þessarar deildarstofnunar var sú að meðlimum fjelagsins þótti svo erfitt að ná saman sökum strjálbygðar. Til að stýra fundi var kosinn Jón Sigtryggsson og þá er hann vildi nefna skrifara á fundinum óskaði fundurinn eftir að fundarstjóri ritaði upp gerðir fundarins og varð hann við þeirri ósk. Þá lögðu þeir Björn

Jónasson á Framnesi og Jón
Sigtryggsson fram frumvarp til
laga fyrir fundinn til samþyktar
er deildin skyldi fylgja og voru
þau eftir miklar umræður sam-
þykt með litlum breytingum
með mikið meiri hluta atkvæða.
Þá var svo liðið á daginn að fund-
urinn sá sjer eigi fært að taka
nokkurt málefni til umræðu og fóru
því aðeins fram kosningar til fjelags-
starfa. Þá voru kosnir 3 menn til
að stjórna fjelaginu og hluta kosn-
ingu: Björn Jónasson Framnesi
Jón Sigtryggsson og Jóh. Sigtryggsson.
Til að sjá um útkomu blaðsins á
næsta fundi voru kosnir: Björn Jónasson
Framnesi Jón Sigtryggsson og Sigurður
Stefánsson umsjónar nefndi fundarstjóri
Björn Konráðsson til að stýra næsta
fundi og fyrsta frams.m. Pjetur Jónasson,



og hann síðan Sigurð Jósafatsson
og Sigurður Björn Jónasson á Syðri-
Brekkum — til vara.
Að þessu loknu sagði fundarstjóri
fundi slitið og þakkaði mönnum
komuna.

Jón Sigtryggsson.

## Fundargerð.

Sunnudaginn 7 des. '11 var fundur
settur og haldinn að Syðri-Brekk-
um af ungmennafjelaginu „Æskan"
og setti Björn Konráðsson fundinn
og nefndi til skrifara Sigurð Jósafatsson.
1 Sigurður Jónasson Syðri-Brekkum gekk
í fjelagið.
2. Lesið upp blaðið, og nefnt „Stígandi"
3. Sauðfjárhirðing, frams.m Pjetur Jónasson
þessu máli var vel tekið og undir

allir sem mæla um, að þetta væri eitt af þeim nauðsynlegustu málum sem menn fyrst ættu að taka til athugunar, og urðu þó fáorðar um ræður.

4. Trúin á guð og það góða.
Fram.s.m. Sigurður Jósafatsson.
Fremur einhliða skoðanir komu fram í málinu og eftir dálitlar umræður var það tekið út af dagskrá.

Ritnefnd kosin til næsta fundar, Pjetur Jónasson, Brynjólfur Sveinsson og Sigurður Sigfússon –

Fundarstjóri Sigurður Jósafatsson.
Framsögumenn: Björn Jónasson Björn Konráðsson, til var Sigurður Jónasson.
Fundargerð lesin upp, frá síðasta fundi og samþykt með litlum breytingum.
Tillaga kom fram frá Birni Jónassyni á Framnesi svo hljóðandi:



„Fundurinn samþykkir að fundargerðir fjelagsins sjeu framvegis skrifaðar í því formi. að hægt sje að sjá á þeim, að hvaða niðurstöðu menn hafa komist í þeim málefnum sem tekin umræðu komu.“ –
Tillagan samþykt með öllum atkv.
Fundargerðin lesin upp og samþykt.
Fundi slitið!

Sigurður Jósafatsson
(ritari)
Björn Konráðsson
(fundarstjóri)

## Fundargerð

Sunnudaginn 20. des (1914)
var settur og haldinn fundur af málfunda fjelaginu „Eska“ að Ytri-Brekkum. Fundinn setti Sigurður Jósafatsson og nefnd til skrifara Jóh. Sigtryggsson.

Það sem gjörðist á fundinum var
þetta:

I. Lesinn upp „Rigandi."

II. Garðrækt, framsm. Björn Jónsson
Syðri-Brekkum.
Framsögum. flutti málið inná
fundinn með nokkrum orðum.
Umræður urðu litlar fyrst fram-
anaf, en svo rættist úr þeim
von bráðar. Umræður snjerust
aðallega að því hvað áhrif garð-
yrkjan hefði. Raddir heyrðust um
það að menn vildu gjarnan reyna
að hafa einhverjar framkvæmdir í
þá átt að auka garðrækt — Jafn-
vel að bindast samtökum um
að koma upp garði í fjelagi.
Í öðru lagi að hver reyndi
að auka garðrækt heima hjá sjer
eftir mætti. Tillaga kom fram
í fundinum frá Birni Jónassyni



á Framnesi, svo hljóðandi:
„Fundurinn sem þykist að hrinda
garðræktarmálinu til framkvæmda
en geymir það til næsta fundar
að taka fullnaðar-ákvörðun í því."
Þessi tillaga var samþykt í einu
hljóði. Málið tekið út af dag-
skrá.

III. Skógrækt. framsm. s.m. Bj. Konráðsson
Dálítið skiftar skoðanir komu fram
í málinu. Sumir vildu helst
ekkert við málið eiga að svo stöddu
en aðrir vildu fá plöntur og gróður-
setja þær svo heima hjá sjer.
Björn Jónasson Framnesi gerði
þeim tilboð — sem vildu gróðursetja
trjáplöntur — þess efnis að hann
skyldi panta plöntur að norðan fyrir
þá og þeim síðan þær upplýsingar
sem hann gæti í þá átt að ala
þær upp. Þeir sem taka tilboðinu

ákveði tölu plantnanna sem þeir panta, á næsta fundi

Málið tekið út af dagskrá.

Skipað í nefndir:

Í ritnefnd: Jóhannes Sigtryggsson Björn Konráðsson og Björn Jónasson Syðri-Brekkum.

Dagskrárnefnd: Sigurður Jónasson Jóh. Sigtryggsson og til vara Brynjólfur Sveinsson

Lesin upp fundargerð fundarins og samþykkt með litlum breytingum

Fundi slitið!

Jóh. Sigtryggsson
(ritari)

Sigurður Jósafatsson
(fundarstjóri)



# Fundargerð.

Sunnudaginn 27. des. 1914. var settur og haldinn fundur að Syðri-Hofdölum af ungmenna fjelaginu „Æskan“.

Fundinn setti fundarstjóri Sigurður Sigfússon og nefndi hann til skrifara Brynj. Sveinsson.

Þessi málefni voru tekin fyrir:

1. Lesinn upp „Stígandi“.
2. Garðræktarmálið, er síðasti fundur hafði skotið á frest til frekari aðgerða. Framsm. Björn Jónasson Syðri-Brekku.

Eftir allmiklar umræður kom fram í málinu tillaga frá Birni Jónassyni: sem var svo hljóðandi:

„Fundurinn samþykkir að bindast samtökum að rækta vel þá garða sem heima eru hjá þeim, og að koma á fót fjelagsgarði. Skulu fjelaginu í vetur útvega garðs-

staði til kaups. Ef hægt er. Jafnframt
skal kjósa 5 manna nefnd til
að útbýta úr þeim garðholum sem
fyrir hendi eru á jörð og plógfærð
í vor. Tillaga þessi var samþykt
í einu hljóði. Raddir heyrðust um
það að athuga bæri frekara fjárútlát
og fleira viðvíkjandi garðræktarmálinu.
Þóf þá all skiftandi. Eftirfarandi til-
laga er fram kom frá Birni Jónssyni
frá Framnesi. ,, Fundurinn samþykkir
að kjósa 3ja manna nefnd til
að koma með tillögur um rjettindi og
skyldur fjelagsmanna í hinni fyrir-
huguðu garðræktar fyrirtæki.
Nefndin skal byggja álit sitt fram á
fundi fjelagsins fyrir marslok 1915.
Tillagan samþykt í einu hljóði.
Nefndin kosin leynilega.
Kosningu hlutu Björn Jónsson Framnesi
með 8 atkv. Jón Sigtryggsson með 8. atkv.



og Jóh. Sigtryggsson með 7. atkv,
til vara Sigurður Jósafatsson með 3 atkv.
Málið tekið út af dagskrá.
3. Skemtanir. Framsm. Sigurður
Jónasson. Um þetta mál urðu
miklar umræður. Allmiklir skoðana-
munir komu fram. Sjerstak-
lega umræðurnar að dansinum
hvort hann ætti að skipa önd-
vegi þess meðal íslenskra skemtana
og hölluðust flestir að því að
svo ætti ekki að vera.
Minnst var á ýmsar fleiri skemt-
anir svo sem: skáktafl, spil,
skíði og skautaferðir, söng, íþróttir o.fl.
Málið tekið út af dagskrá.
Ritnefnd: Sigurður Jósafatsson
Jón Sigtryggsson og Sigurður Jónasson
Framsögum. Jóh. Sigtryggsson.
Bryngj. Sveinsson til vara Björn Jónasson
Framnesi. Fundarst. Sigurður Stefánsson

Fundargerðin lesin upp og samþykt með litlum breytingum

Fundi slitið!

Ragnj. Sveinsson.
ritari)
Sigurður Sigfússon
(fundarstj.)

# Fundargerð.

Sunnudaginn 17. jan. 1915. var settur og haldinn fundur í Brekkukoti. Sigurður á Þverá, sem var kosinn fundarstjóri til fundarins og setti í sinn stað Björn á Framnesi.

Það sem gjörðist á fundinum var þetta:

1. Lesinn upp „Stígandi“.
2. Lög fjelagsins komu til umræðu.



og útaf því komu breytingar tillaga við fimtu gr. laganna og hljóðaði þannig. a) „Óski einhver að ganga í fjelagið milli aðalfunda þá álykti fundurinn það heppilegra að það sje fundarsamþykt en ekki lagaákvæði.“ Tillögumaður var Jón á Framnesi.

b) „Sá er óskar eftir inngöngu í fjelagið skal þó bera öll gjöld þess frá síðasta aðalfundi fjelagsins.“

Tillagan samþykt í einu hljóði.

3. Umræður urðu um utanfjelagsmenn og fundasetu þeirra. Tillaga frá Birni á Framnesi kom fram svo hljóðandi: „Fundurinn samþykkir að leyfa utanfjelagsmönnum sem ætla að ganga í fjelagið „Eskima“ að sitja atkv. fundi áður en þeir ganga í fjelagið.“ Tillagan samþykt.

4. „Hvað er sterkasta aflið í manninum.“

Framsm. Jóh. Sigtryggsson.

Umræður urðu allmiklar um málið. Meiningamunur kom fram um málið og álitu fundarmenn að textanum, framsóknar þráin og trúin væru sterkustu öflin. Málið tekið af dagskrá.

Fundarstjóri til næsta fundar var kosinn Sigurður á Hverá.

Fyrsti fram. Brynjólfur Sveinsson og varamaður Bj. Jónasson Framnesi (í ritstjórn) og Jóh. Sigfinnsson annar fram.

Í ritstjórn: Björn á Brekkum. Björn á Framnesi og Jóh. Sigfinnsson.

Nýr maður gekk í fjelagið Guðm. Jónsson á Dyrfinnustöðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykt.

Fundi slitið.

Pjetur Jónasson.
(skrifari)

Björn Jónasson Framnesi
fundarst.



# Fundargerð.

Sunnudaginn 31. jan 1915 var fundur settur og haldinn að Hverá af ungmennafjelaginu „Hekla“.

Fundarstjóri Sigurður Stefánsson setti fundinn og nefndi til skrifara Björn Jónasson frá Syðri Brekkum.

Það sem gerðist á fundinum var þetta:

I. Lesinn upp „Stígandi“

II. Tvær tillögur komu á fundinum frá Brynj. Sveinssyni, sem hljóðuðu þannig:

a) „Fundurinn samþykkir að allir fjelagsmenn er mæta á fundum sjeu skyldir að taka til máls og tala í þessi ákveðnu skorðun á hverju umræðuefni. Þetta nær þó ekki til málefna er snerta lög eða fjárhag fjelagsins“

b) „Fundurinn ákveður að allir fjelagsmenn sjeu skyldir að mæta að minnsta kosti á helming fu-

lega boðaðra funda á hverju fjelags-
ári, nema gild forföll banni.
Brot gegn ákvæði þessu varða burt-
rekstri úr fjelaginu. Umsjón með
að boði þessu sje hlýtt hefur stjórn
fjelagsins" Tillögur þessar voru samþykktar
í einu hljóði.

III. „Hvort er betra að vera vinnumaður eða lausamaður" framsm. Brynj. Sveinsson
Nokkrar umræður urðu og hallaðist
meiri hluti fundarmanna að því
að betra myndi að vera vinnumaður.
Málið tekið út af dagskrá.
Fundarstjóri til næsta fundar kosinn
Guðv. Jónsson.
Kosnir í ritnefnd Guðv. Jónsson. Pjetur
Jónasson og Brynj. Sveinsson
Framsm. Bjarni Jónasson Fr. Jón Sigtryggsson
Sigurður Stefánsson. Fundargerðin lesin upp
og samþykkt. Fundi slitið!

Bjarni Jónasson S. Br. Sigurður Stefánsson
(skrifari) (fundarstj.)



# Fundargerð.

Sunnudaginn 21. febr. 1915 var fundur
settur og haldinn að Framnesi af fjelag-
inu „Æskan" Fundinn setti fundarstj. Guðvarður
Jónsson og nefndi til skrifara Bjarna Konráðsson
Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesinn upp „Skýrandi".
2 Skólarnir og mentunin framsm. Bjarni Jónasson
Litlar umræður urðu um málið og hjeldu
sumir því fram að sjálfsmentunin væri
happadrýgst, en fleiri álitu þó skólana
nauðsynl. og álitu að menn mundu
sækja þangað meira, en í blöð og bækur
sem menn hefðu kost á sjer til sjálfs-
mentunar. Því næst var málið tekið af dagskrá
3. Hvaða húsdýr gefur okkur Skagfirðingum mestan
beinan arð? framsm. Jón Sigtryggsson.
Framsm. hjelt því fram að kýrin gæfi
mestan beinan arð og sýndi það með
nokkrum dæmum. Þeir sem tóku til
máls þar á eftir voru sammála framsm.

að því álitu arðar afurðarmeiri og svo sem að því hjeldu fram hrossunum.
Eftir nokkrar umræður var svo málinu frestað til næsta fundar vegna þess að fundartími var úti.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Skipað í nefndir.

Í ritnefnd: Sig. G. Jósafatsson
Björn Konráðsson og Sig. Sigfússon.
Í dagskrárnefnd: Jón Sigtryggsson
Sigurður Stefánsson, Guðvarður Jónsson.

Fundarstj. Sig. Sigfússon
Fundargerðin lesin upp og samþykkt
Fundi slitið.

Björn Konráðsson
(Skrifari.)

Guðvarður Jónsson
(fundarstjóri)



# Fundargerð

Sunnudaginn 14 maí [illegible] var fundur settur og haldinn að Syðri-Brekkum í Ungmennafjelaginu Æskan. Fundarstj. S. Sigfússon, Skrifari Sigurður Jónasson. Það sem gerðist á fundinum var þetta:

1. Lesinn upp „Stígandi“.
2. Hvort er betra að vera við landvinnu eða sjó. Framsögumaður Guðvarður Jónsson.

Tölu verðar umræður urðu um málið og eftir almennar umræður komst fundurinn að þeirri niðurstöðu að happadrýgra yrði að vera við landvinnu en sjó. –

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Skipað í nefndir.

Ritnefnd: Björn Jónasson Frammnesi
Sigurður Stefánsson
Sigurður Jónasson Syðri-Brekkum.

Fundarstj. til næsta fundar
Sigurður Jónasson S. Brekkum.

Fundargerðin samþ. Fundi slitið. Sigurður Jónasson
Sigurður Sigfússon (fundarstjóri.) (fundarskrifari)

# Fundargerð.

Mánudaginn 5 apríl 1915 var fundur settur og haldinn á Ytri-Brekkum í Ungmennafjelaginu „Ösku“ Sigurður Jónasson frá Syðri-Brekkum setti fundinn og nefndi til skrifara Björn Jónasson á Framnesi. —

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesið upp blaðið „Stýrandi“.
2. Garðræktarmálið tekið til umræðu.

Nefnd sú, sem kosin var á fundi 27 des 1914 á Syðri-Hofdölum til að koma með lög og reglur fyrir garðræktarstarfið lagði fram álit sitt í 10 lagagreinum. Joh. Sigtryggsson á Framnesi las upp lögin og voru þau rædd og samþykkt með nokkrum litlum breytingum. —

3. Hvaða húsdýr gefur okkur skepnufóðrinu mestan beinan arð framsögum. Jón Sigtryggsson Framnesi.

Þessu máli þá var frestað á fundi á Framnesi vegna tímaleysis og því tekið til umræðu á ný. Framsögumaður hjelt því fram sem áður



að kýrin yrði drýgst að gefa mestan beinan arð, og tók dæmi af fátækum barnamönnum um hvað þeir björguðust lengi án annarar hjálpar ef þeir hefðu góðar kýr.

Lítilfjörlegur meiningamunur varð um málið; sumir hjeldu því fram að ærnar yrðu afurðabetri en kýr miðað við kúgildi. Þó hölluðust fleiri að því að kýrnar gæfu mestan beinan arð. Engin tillaga kom fram í málinu. Málið tekið út af dagskrá.

4. Hvort er betra fyrir vinnuhjúin að vera í sveit eða kaupstað. Framsögum. Sig. Skaftason.

Framsögumaður gat þess að í mörgum tilfellum gæti verið betra fyrir vinnuhjúin að vera í kaupstöðunum en í sveitinni. Margir af fundarmönnum töldu sveitalífið betra þegar öll kurl kæmu til grafar og töldu þar til hollari vinnu, betra loft o.s.frv. Málið tekið út af dagskrá.

Skipaði alfræði.

Fundarstjóri til næsta fundar var kosinn

Joh. Sigtryggsson

Ritnefnd

Jón Sigtryggsson Joh. Sigtryggsson

Brynjólfur Sveinsson Brekkukoti.

Dagskrárnefnd.

Sig. Sigfússon Syðri-Brekkum

Sig. Jósafatsson —"— Hofdölum

varamaður Pjetur Jónasson Syðri-Brekkum

Fundargjörðin lesin upp og samþykt.

Fundi slitið!

Bjorn Jónasson Framnesi (ritari)

Sig. Jónasson (fundarstjóri.)

—"—

## Fundargerð.

Sunnudaginn 25. april 1915 var fundur settur og haldinn í Syðri-Hofdölum í Ungmennafjelaginu „Æskan“. Fundarstjóri Joh. Sigtryggsson Framnesi og kaus hann fyrir skrifara Sig. Stefánsson Þverá.

Gjörðir fundarins voru þessar:

1. Lesinn upp „Stígandi“ af ritstjóra hans



Brynjólfi Sveinssyni Brekkukoti

2. Fjelagsskapur og tilgangur hans framsögum. Sig. Jósafatsson S. Hofdölum. Töluðu um það aðrir um málið frá ýmsum hliðum. Meðal annars var rætt um að stofna söngfjelag en fjekk daufar undirtektir. Ennfremur var rætt um að fjelagsmenn [illegible] eitthvað gjört til skemtunar og fróðleiks t.d. fram í Skagafjarðardal eða út í Drangey og var þá borin upp undir fundinn eftirfarandi tillaga frá framsögum. Fundurinn álítur að skemtilegt og fróðlegt sje að ferðast eitthvað á næstkomandi vori. Þá töluðu um það aðrir um málið. Að síðustu kom fram breytingartillaga frá Brynjólfi Sveinssyni sem hljóðar svo. Fundurinn samþykkir að fjelagið Æskan efni til skemtiferðar á næstkomandi sumri.

Að síðustu fjellst fundurinn á að fresta málefninu til næsta fundar til þess

að geta ákveðið manni hvenær skemt-
unin yrði:

Skipað í nefndir.

Í ritnefnd: Björn Jónasson Syðri-Bre.
Björn Konráðsson Ytri-Brekkum
Björn Jónasson Fremmnesi

– Dagskrárnefnd: Sig. Sigfússon Syðri Brekkum
Pjetur Jónasson – " –
Björn Jónasson – " –

Kosnir í nefnd til að velja [illegible]
Jón Sigtryggsson með 8 atkv.
Björn Jónasson Fremmnesi – 7 – " –
Jóh. Sigtryggsson – 6 – " –
Sig. Ísaksson – 6 – " –
Björn Konráðsson – 4 – " –

Fundargerðin lesin upp og samþykkt

Fundi slitið!

Sig. Stefánsson
Jóh. Sigtryggsson



# Fundargerð

Sunnud. 13. mai 1915 var aðalfundur settur og haldinn að Brekkukoti af málfundafjelaginu „Ekkon".

Fundarstj. Björn Jónasson f. Brekkum mætti ekki á fundinum en setti Pjetur Jónasson í sinn stað.

Fundarstjóri setti fundinn og nefndi til skrifara Jón Sigtryggsson.

Gjörðir fundarins voru:

1. Lesinn upp „Skjaldi".
2. Þá las fundarstjóri upp úrsögn úr fjelaginu frá Birni Jónassyni á Fremmnesi sem gekk úr fjelaginu sökum þess að hann flutti burt af fjelagssvæðinu. –
3. Þarnæst beiddi Jón Sigtryggsson eftir því hvað fundurinn væri því ekki meðmæltur að ræða fyrst þau málefni sem nauðsyn þyrfti að ljúka á aðalfundi áður en öll málefni væru tekin fyrir. Og var það samþykkt í einu hljóði

4 Rætt garðræktar málið. Um stærð garðanna
og hverjir hefðu garðstæði fram að þessu.
Kom þá fram að það voru aðeins Sig.
Jósafatsson með garðstæði í Álfsnesinu
og Jón Sigtryggsson með þrjú garðstæði
í Framneslandi ofan við eylendið. —
Nefnd sú sem kosin var til að velja
garðstæðið óskaði því eftir að þeir er
kynnu að fá síðar rað á garðstæðum
fengu komu með upplýsingar þaraðlútandi
til nefndarinnar fyrir 20. þ.m. Málið var
svo rætt frá ýmsum hliðum og loks kom
tillaga frá Jóni Sigtryggssyni og hljóðaði hún
sem fylgir: Fundurinn lýsir yfir því að
heppilegast sje að plægja eina tvo dags
sláttu í vor þar sem valið verður garðstæði
og hún sje svo ræktuð að meira eða minna
leyti á komandi vori. Tillagan samþykkt
með öllum atkv. gegn einu. Því næst
var Björn Jónasson Framnesi ráðinn í vor
til að plægja garðstæðið gegn 7 kr. gjalds.



yfir daginn og samþykkt að fá honum dreng
til hjálpar. —
5. Tillaga frá Jóh. Sigtryggssyni kom fram og
er hún sem hjer segir:
Fundurinn samþykkir að hætt sje að halda
úti blöðunum fljúgandi frá 13. maí þ. ár.
og hafið á ný 1. nóvember sama ár.
Tillagan samþykkt í einu hljóði. —
6. Þá var kosið í stjórn fjelagsins og hlutu
kosningu.
Jóh. Sigtryggsson Jón Sigtryggsson Br. Sveinsson.
7. Guðvarður Jónsson lýsti því næst yfir að
hann gengi úr fjelaginu. Óskar sökum
þess að hann færði sig burt af fjelagssvæð-
inu.
8. Málefni það sem frestað var á síðasta
fundi var því næst tekið til umræðu og
hljóðaði það svo: Fjelagsskapurinn og tilgangur
hans. Framsögum. Sig. Jósafatsson.
Umræður urðu miklar einkum um málið
og sjerstaklega fyrirgönguna að því að fjelagsm.

4. sem skemtiferð í sumar og var málið rætt af miklu kappi. Einkum hölluðust fundarmenn að því að ferðast út í Drangey eða fram í Skagafjarðardal. Loks fór atkvæðagreiðsla fram um það hvert fara skyldi og en þá sem fjelagsmenn skiptust í tvo flokka jafna var dregið um hvert fara skyldi og varð ofaná að farið yrði fram í Skagafjarðardal. Þá er hjer var komið var svo liðið á fundartímann að ekki var hægt að taka fyrir fleiri málefni.
Þar sem framsögumenn voru 3 kosnir á næsta fundi á undan var ekki fleirum bætt við þeir eru: Sig. Sigfússon Pjetur Jónasson og Björn Jónasson vera menn.
Til að stýra næsta fundi nefndi fundarstj. Sig. Stefánsson
Þá vakti einn fundarmanna máls á því að einn maður yrði kosinn til að lesa upp kvæði á næsta fundi og því yrði svo haldið áfram úr því fram vegis.



Þetta var samþykt í einu hljóði.
Fundarstj. var gefið leyfi til að nefna manninn og nefndi hann Jóh. Sigtryggsson
Fundargjörðin lesin upp og samþykt
Fundi slitið!
skrifari Jón Sigtryggsson
fundarstj. Pjetur Jónasson

Fundargjörð.

Sunnudaginn 13 júní 1915 var fundur settur og haldinn að Framnesi í fundafjelaginu Æskan.
Fundarstjóri Sig. Stefánsson mætti ekki og var kosinn í hans stað Brynjólfur Eiríksson
Fundarstjóri nefndi til skrifara Pjetur Jónasson
Störf fundarins voru þessi:
1. Lesin upp lög fjelagsins eftir ósk eins fundarmanns.
2. Jón Sigtryggsson lagði fram svohljóðandi tillögu: Sökum þess að það er víðast gildandi regla

að fundarstjóri hafi ekki atkvæðisrjett á fundum þá feli fundurinn fjelaginu að halda líning sömu reglu í þessu fjelagi. Fundarstjóri skal þó hafa atkvæðisrjett í þeim málum sem hafa klofið sig í atkvæði með og móti. Tillagan var samþykt með miklum meiri hluta. (Ástæðan til tillögunnar var sú að á síðasta fundi í Brekkukoti varð felld atriði að ágreinings efni.) — —

3 Hver er skemtilegasti tími ársins framsög. Sig. Sigfússon. Nokkrar umræður urðu um málið og hölluðust flestir að því að vorið væri skemtilegasti tími ársins þó komu fram raddir um það að haustið væri skemtilegasti tími ársins. Málið tekið út af dagskrá.

4 Þarnæst var tekið til umræðu hvort taka skyldi garðstæði, til ræktunar á Framnesi eða fyrir Hofdölum. Umræður urðu litlar en ákveðið að fresta því til hausts. Málið tekið af dagskrá.



Skipað í nefndir.
Í dagskrárnefnd. Pjetur Jónasson
Jón Sigtryggsson og Björn Jónasson varamaður
Fundarstj. til næsta funda
Sig. Stefánsson.
Fundargerðin lesin upp og samþykt.

Fundi slitið!
Pjetur Jónasson
Br. Sveinsson

---

Fundargerð.

Sunnudaginn 24 október 1915 var fundur settur og haldinn að Framnesi í Ungmennafjelaginu „[illegible]" Fundarstjóri Sig. Stefánsson mætti ekki á fundinum og í hans stað ~~(mætti ekki)~~ var settur Brynj. Sveinsson og nefndi hann til skrifara Jón Sigtryggsson
Gjörðir fundarins voru þessar:
1. Hvort er betra fyrir bóndann manninn

að hafa kaupafólk eða vinnufólk
framsögum. Pjetur Jónasson.
Umræður urðu miklar um málið
og hölluðust flestir að því að fyrir bændum
væri það heppilegra að hafa vinnufólk [illegible]
[illegible] ef hann þyrfti vinnunnar með árið
um kring. Málið tekið af dagskrá
2. [illegible] vit að tefla á tvær hættur saman
Jón Sigtryggsson. Töluverðar umræður
urðu um málið og skoðanir mjög
skiftar. Sumir álitu að heppilegra væri að
tefla sem minnst á tvær hættur t.a.m.
á fjárræktarsviðinu en taka það heldur
í smærri skreftum, töldu sígandi
lukkuna besta. Hinir sem stórhugaðri
voru vildu láta kylfu ráða kasti og
vildu heldur eiga mikið á hættunni
því þeir töpuðu í þetta skifti gætu þeir
aftur grætt í næsta skifti. Eftir langar
og almennar umræður var málið tekið
út af dagskrá.



3. Stígandi. Rætt um hvort ekki skyldi
vekja hann upp að nýju og var það af-
ráðið að vilja flestra fjelagsmanna.
Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.
Skipað í nefndir.
Fundarstj. Sig. Stefánsson
Dagskrárnefnd: Björn Jónasson
Björn Konráðsson. Bryngj. Sveinsson
Ritnefnd: Jón Sigtryggsson, Björn Konráðss.
Bryngj. Sveinsson.
Fundargerðin lesin upp og samþykkt
Fundi slitið.
Jón Sigtryggsson
Bryngj. Sveinsson

# Fundargerð.

Sunnudaginn 21. nóvember 1915 var settur og haldinn fundur að Syðri-Bakka af nokkrum [illegible] ungmennafjelagsins „Æskan". Fundarstj. Sig. Stefánsson og nefndi til skrifara Brynj. Sveinsson.

Störf fundarins voru þessi:

1. Lesinn upp „Stígandi"
2. Skemtanir framsögum. Björn Jónasson Ljet hann umræður verða um málið frá almennu sjónarmiði en snjerist aftur á móti í þá átt að halda skemtisamkomu af hálfu fjelagsins. Að loknum umræðum var borin upp og samþykt tillaga í þá átt að kjósa 5 manna nefnd til þess að sjá um [illegible] framkvæmdir.

Kosningu hlutu:
Jóh. Sigtryggsson, Jón Sigtryggsson, Sig. Jósafatsson, Björn Konráðsson og Sig. Stefánsson.
Málið tekið út af dagskrá.



Skipað í nefndir
Í dagskrárnefnd: Björn Konráðsson Brynj. Sveinsson til vara Jóh. Sigtryggsson
Í ritnefnd. Sig. Jósafatsson. Jóh. Sigtryggsson og Björn Jónasson.

Fundarstjóri Björn Konráðsson

Fundargerðin lesin upp og samþykt

Fundi slitið.

Brynj. Sveinsson

Sig. Stefánsson

# Fundargerð.

Sunnud. 7. maí 1916 var aðalfundur settur og haldinn af ungmfj. Æskan að Syðri Hofdölum.

Björn Konráðsson setti fundinn og nefndi til skrifara Jón Sigtryggsson.

Störf fundarins voru þessi:

1. Lesinn upp „Stígandi" (Sig. Jósafatsson)
2. Lesin upp lög fjelagsins.

3 Fjármál þess. Jón Sigtryggsson skýrði
frá fjárhag fjelagsins og var hrein
eign þess 19,04 Kr. – er fjelagið greddi
á almennisk. samkomu er það hjelt að
Syðri-Hofd. síðastliðin vetur. Þá var
rætt um að fjelagsmenn greiddu fram-
vegis árstillag, og yrði með því myndaður
dálitill sjóður fjelaginu til eflingar.
Tillaga kom frá Sig. Jósafatss. er
hljóðar þannig: „Fundurinn lítur svo á, að best
„sje að hafa árstillag í fjelaginu sem sje
„ekki minna en Kr. 1.00. og skuli það
„greiðast fyrir maí mánaðarlok ár hvert.“
Þá kom tillaga frá Brynj. Sv. svohljóðandi:
„Fundurinn felur gjaldkera ávöxtun
„fjelagssjóðsins. Hann skal greiða fjel.
„4% vexti af upphæð þeirri er hann veitir
„móttöku fyrir nýjár hvert. Fjelagið getur
„krafist sjóðsins með ½ mánaðar fyrir-
„vara.“ Tillagan samþ. í einu hljóði.
4. Kosið í stjórn fjelagsins. Hlutu kosningu:



Jón Sigtryggsson Jóh. Sigtryggsson og
Sig. Jósafatsson. Varam. Br. Sveinsson
5. Að fjelagsm. aflí heyja fyrir fjel.
í sumar. Framsm. Sig. Jósafatsson.
Umræður urðu töluv. um málið og voru
allir hugmyndinni hlyntir.
Niðurstaðan varð sú að stjórn fjel.
leitaðist fyrir um að fá engi og samd. þá
aðra fjelagsm. sem á fundinum voru
hver hjá sjer. Engin skrifl. till. kom
fram í málinu, en fundarm. kom
saman um að fresta málefninu til
næsta fundar til frekari framkv.
sökum ónógs undirbúnings.
Kosið í nefndir:
Ritn. Sig. Sigfúss. Sig. Jónass. J. Jónass.
Fundarst. Sig. Sigfúss.
Framsm. Sig. Jósafatss. Björn Konráðs.
Varam. Brynjólfur Sveinsson
Fundargerðin samþ. Því næst var fundi
slitið og fundarst. þakkaði umræðurnar.
Fundi slitið. Jón Sigtryggsson. Björn Konráðsson

## Fundargerð.

Sunnud. 4 júní 1916. var settur og haldinn fundur að Brekkukoti af meðlimum ungmennafj. „Óskar"

Fundarstj. Sig. Sigfússon setti fundinn og nefndi til skrifara Brynj. Sveinsson

Störf fundarins:

1. Heyöflun. (Annar umræður) framsögum. Sig. Jósafatss. Litlar umræður og engin ákvörðun tekin, sökum þess að engin tilboð um engjalán komu fram. Málinu frestað.
2. Þegnskylduvinnan framsögum. Brynj. Sveinsson.
   Fundurinn álítur í einu hljóði að þessi hugmynd væri ekki vel til þess fallin að komast í framkvæmd.
3. Skipað í nefndir:

a) Ritn.: Jón Sigtryggs. Brynj. Sveinsson Bjarni Jónasson.



b) Dagskrárnefnd: 1. Björn Konráðsson
2. Sig. Sigfússon til vara Sig. Jónasson

c) Fundarstj. Pétur Jónasson.

Fundargerðin lesin upp og samþ.

Fundi slitið.

Brynj. Sveinsson
Sig. Sigfússon

## Fundargerð.

Sunnud. 26 nóvember. 1916. var fundur settur og haldinn að Framnesi af ungmennafj. „Óskar".

Fundarstj. Pétur Jónasson nefndi til skrifara Sig. Jósafatsson.

Gjörðir fundarins voru:

1. Lesið upp blaðið „Stjarnan".
2. Skemtisamkoma. framsögum. Sig. Sigfússon Um það urðu mjög litlar umræður og sáu menn engi möguleika á að geta

haldið skemtisamkomu af því
að ekki væri hægt að fá hús lánuð.
Sökum þess að svo litlar umræður
urðu um málið lagði fram s.m.
annað málefni fyrir fundinn
svohljóðandi: „Hvort er betra að vera vinnu-
maður eða lausamaður.“?
Um þetta málefni urðu töluverðar
umræður og var meiri hlutinn með
því að heppilegra væri fyrir fjöldann
að vera í vinnumensku.
Málið tekið út af dagskrá.
Skipað í nefndir.
Í ritnefnd: Jón Sigtryggs. Björn Jónass. Br. Sveinss.
Dagskrárnefnd: Björn Konráðsson Sig. Jónasson
Jóh. Sigtryggsson
Til fundarstj. Sig. Jósafatsson

Fundi slitið.
Sig. Jósafatsson.
Pjetur Jónasson



# Fundargerð.

Fimtud. 28 des. 1916. var fundur settur
og haldinn (~~fundur~~) að Syðri Brekkum
af „Ungmennafjel. Askur“.
Fundarstj. mætti ekki á fundinum og
var því kosinn í hans stað Jóh. Sigtryggsson
Fundarstj. ~~setti~~ síðar fundinn og nefndi til
skrifara Björn Jónasson.
Það sem tekið var fyrir á fundinum
var þetta:
1. Lesinn upp „Stígandi“
2. Íslenska glíman framsm. Björn Konráðs.
Framsögum. mælti mjög með íslensku
glímunni og óskaði fastlega eftir að
ungmennafjel. iðkaði hana betur en
verið hefði og því sjerstakl. þetta fjelag.
Umræður urðu miklar um málið og
voru allir því mjög hlyntir.
Að lokum var lögð fyrir fundinn
svohljóðandi tillaga: „Fundurinn
lýsir því yfir að hann af fremsta

megi velja skilda að því að hin
fagra og fornfræga íþrótt-íslenska
glíman verði aukin innan félagsins
Ennfremur að félagið kaupi nýútkomna
glímubók eftir bestu glímumenn lands-
ins." Tillagan samþykt.
Tillögumaður: Jón Sigtryggsson.
Þvínæst var málið tekið út af
dagskrá.
3. „Hvaða skáld er okkar geðfeldast?"
framsm. Jóh. Sigtryggsson.
Umræður urðu miklar um málið
en sökum þess að menn þóttust
ekki nægilega undir málið búnir
komu ekki fram ákveðnar skoðanir í
málinu. Aðeins framsm. gat þess
að við lausl. athugun fyndist sér
Steingr. taka hinum skáldunum fram.
Að lokum kom fundur inn sér saman
um að fresta málinu óákveðið sökum
ónógs undirbúnings. Málið tekið af dagskrá



Fleira var ekki tekið fyrir.
4. Skipað í nefndir.
Dagskrárnefnd: Sigurður Jónss. Jón Sigtryggss.
~~Atk~~ Björn Jónasson.
Ritnefnd: Jóh. Sigtryggss. Björn Konráðsson
Sig. Jósafatsson.
Fundarstj. Sig. Jósafatss.
Til að lesa upp kosin Jóh. Sigtryggsson

Fundi slitið!
Björn Jónasson
Jóh. Sigtryggsson

## Fundargerð.

Sunnud. 28 jan. 1917 var settur
og haldinn fundur að Ytri Bakka
af málfundafél. „Askur"
Fundarstj. Sig. Jósafatsson setti fundinn
og nefndi til skrifara Pétur Jónasson.
Gerðir fundarins:
1. Lesinn upp „Skjöldur"

2 „Hvort er betra að halda daglauna-
fólk eða vinnufólk?"
framsm. Sig. Jónasson.
Umræður urðu um málið
og hölluðust flestir að því að betra væri
að halda daglaunafólk en vinnufólk.
Málið tekið af dagskrá.
3 Lesið upp kvæði. Jón Sigtryggsson
4. Kosið í nefndir.
Í Ritnefnd: Sig. Sigfúss. Sig. Jónasson
Pjetur Jónasson.
Í Dagskrárnefnd: Brynjólfur Sveinsson
Sig. Jósafats. Björn Jónasson
Fundarstj. til næsta funda: Sig. Jónasson
Til að lesa upp kvæði Björn Jónasson.
Fundargerðin lesin upp og samþykkt með
litlum breytingum
Fundi slitið
Pjetur Jónasson
Sig. G. Jósafatsson



# Fundargerð.

Sunnud. 18 febr. 1917. var settur og haldinn
fundur að Syðri-Hofdölum af ungmenna-
fjelaginu „Óskar".
Fundarstj. Sig. Jónasson var ekki
mættur og hlaut kosningu í hans stað
Björn Konráðsson.
Fundarstj. setti fundinn og nefndi
til skrifara Brynj. Sveinsson.
Störf fundarins voru:
1. Lesinn upp „Stíganti".
2 Kvæða upplestur. Björn Jónasson
3. „Hvað hefur bakað Íslendingum
mest tjón?" Framsm. Brynj. Sveinsson
Umræður urðu allmiklar og talsv.
skoðanamunur kom í ljós.
Aðalfjöldi manna töldu fundar-
menn að hefðu verið: Sundrung
eigingirni - og hvirtjón-
Málið tekið af dagskrá.

4 Skipað í nefndir.
a) Ritnefnd: Jón Sigtr. Bj. Jónass. Brynj. Sv.
b) Frummælendur: Sig. Jósafats. Björn Jónass. Jóh. Sigtr.
c) Kvöðaupps. Brynj. Sveinsson
d.) Fundarstj. Jón Sigtryggsson.
Fundargerðir lesin upp og samþykt.
Fundi slitið.

Brynj. Sveinsson
Sig. Jónasson.

# Fundargerð.

Sunnud. hinn 29 apríl 1917. var settur og haldinn fundur, að Framnesi af ungmennafjel. „Askan".
Fundarstj. Jón Sigtryggsson setti fundinn og nefndi til skrifara Björn Konráðsson.
Störf fundarins voru:
1. Lesinn upp „Skjaldi".
2. Kvöðaupplestur Brynj. Sveinsson.
3. Heyforðabúr. frams. m. Sig. Jósafatss.



Málefnina var vel tekið og urðu um það allmiklar umræður.
Samþykt var með öllum atkv. að stofna heyforðabúr innan fjel. á komandi sumri og framsögumanni falið á hendur að semja um slægjuland handa fjelagsmönnum.
Málefnið tekið af dagskrá.
Fleiri mál voru ekki tekin fyrir sökum þess að glímur voru æfðar á eftir fundi.
4. Skipað í nefndir.
Í ritnefnd: Jóh. Sigtr. Björn Konráðs. Sig. Jósafatss.
Frummælendur: Björn Jónass. Jóh. Sigtr. Brynj. Sveinsson
Kvöðaupps. Pjetur Jónasson
Fundarstj. Sig. Jónasson.
Fundargerðin lesin upp og samþykt.
Fundi slitið!
Björn Konráðss. Jón Sigtryggss.

# Fundabók

Lestrarfjelagsins „Óskan".

3

Til athugunar:

Eins og sjá má hjer ad framan, er sídasta innfærda fundargjörd Ungm. fjel. „Oskan", ritud 29. april 1917.

Til voru slitur af tveimur fundargjördum, skrifudum med blýjant, árid 1918, sumt algerlega ólæsilegt.

Í fyrri þeirri fundargjörd ákvedur fjelagid ad breyta Ungm. fjel. í lestrarfjelag, ~~[illegible]~~ samkv. tillögu frá Hermanni Jónassyni, og til þess ad athuga þad mál enn betur, eru kosnir 3 menn, þeir: Jón Sigtryggsson, Hermann Jónasson og Brynjólfur Sveinsson.

En í seinni fundargjördinni er fjelagid nefnt Málfundafjelag.

Er því audsætt ad þad á hefur

Ungm. fjel. verið breytt í Málfunda-
fjelag. Síðar hefur Málfundafjelag-
inu verið breytt í Lestrarfjelagið
„Orkan".

Nú er engin fundargjörð til
í Lestrarfjelaginu „Orkan", sem
innfærð er í bók. Og aðeins tvær
skrifaðar á laus blöð, skrifaðar
með blýant og eru, það fundar-
gjörðirnar fyrir síðustu árin — 1925
og 1926. Og með þessum fundar-
gjörðum byrjar nú Fundabók
Lestrarfjelagsins „Orkan".



Laugardaginn 7. nóvbr. 1925 var
aðalfundur Lestrarfjelagsins „Orkan"
settur og haldinn að Þverá. For-
maður fjelagsins, Jón Stefánsson,
setti fundinn og nefndi fyrir fundar-
stjóra Konráð Arngrímsson og skrif-
ara Sigurð Jónasson.

Á fundinum kom úrsögn frá 5 fyrver-
andi Meðlimum:

Þórdísi Jónasd., Hofdölum
Arnfríði Jónasd. s. st.
Önnu Jósafatsd. s. st.
Hólmfríði Jónasd. s. st.
og Páli Konráðss. Ytri Brekkum.

I. Fundarstjóri vakti máls á því
að nauðsynlegt væri að afla
fjelaginu peninga á annan
hátt en með meðlima tillögum,
og stakk upp á að halda skemmti-
samkomu til fjáröflunar fjelag-

inu. Málið var lítið rætt og þvínæst borið undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum: að halda samkomu ef unt væri.

II. Rætt um að breyta árstillagi fjelagsmanna. Málið var all-mikið rætt. Síðan gengið til atkvæða. Niðurstaðan varð sú, að Meðlimatillög verða jafnhá og síðastliðið ár.

III. Fundurinn samþykkir að fela stjórn fjelagsins að annast bókakaupi fyrir fjelagið.

IV. Atkvæðið var að láta blaðið Stíganda ganga þrjár ferðir um fjelagssvæðið á þessum vetri. Ritstjórar blaðsins voru kosnir, þeir
Björn Sigtryggsson
Páll Þorgrímsson.
og Jón Stefánsson.

V. Kosin stjórn fjelagsins. Þessir hlutu kosningu:
Jón Stefánsson með 8 atkv.
Björn Sigtryggsson. með 7 "
Páll Þorgrímsson með 7 ".

VI. Kosin skemmtinefnd. Þessir hlutu kosningu:
Sæmundur Jónasson, með 7 atkv.
Guðvarður Guðmundss. með 5 "
Sigríður Jónasd. með 6 "
Sigríður Tómasd. með 6 ".

Fundargjörðin lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið.
Sigurður Jónasson.

II. fundargjörð

Þann 28. nóv.br 1926, hjelt Lestrarfjelagið „Ósk“ aðalfund sinn á Framnesi.

Þetta gjörðist á fundinum:

I. Lagðir fram reikningar fjelagsins og þeir samþyktir í einu hljóði.

II. Björn á Framnesi kom með tillögu um, að hækka árstillög um helming. Samþ. með 6 atkv. gegn 2, með því skilyrði, að þeir af fjelagsmönnum, sem ekki voru mættir á fundinum, sjeu því samþykkir að undanteknum svo sem 3 fjelögum.

III. Baldvin Bárðdal benti á leið til að afla fjelaginu tekna, t.d. með því að halda skemmtisamkomu, hlutaveltur og s. frv.

Samþ. var að halda skemmtisamkomu. Og til þess að framkvæma hana var kosin 5 manna nefnd:

Sigríður Jónasdóttir,
Björn Jónasson,
Guðvarður Guðmundsson,
Baldvin Bárðdal,
Guðmundur Jósafatsson.

IV. Þessir gengu í fjelagið:

Helga Sigtryggsdóttir, Framnesi,
Hallgr. Hallgrímsson s. st.
Baldvin B. Bárðdal s. st.
Broddi Jóhannesson s. st.

V. Þessir voru kosnir í stjórn fjelagsins:

Baldvin B. Bárðdal
Konráð Arngrímsson,
Jón Stefánsson

VI. Falið var stjórn fjelagsins á hendur að leggja fram

frumvarp til laga Lestrar-
fjel. „Orkan“, á næsta aðal-
fundi.
Fleira gjörðist ekki á
fundinum og var því
fundi slitið.
Baldvin B. Bárddal.
Konráð Angrímsson

III. Fundargjörð

Sunnudaginn 30 okt. 1927, var
aðal fundur lestrar fjelagsins, Eskan
settur og haldinn að Syðribrekkum.
Formaður fjelagsins Baldvin B.
Bárdal setti fundinn, með nokkrum
orðum, og leit furðanlega björtum augum
á framtíð fjelagsins. Til fundarstjóra
nefndi hann Konráð Angrímsson og
nefndur fundarstjóri aftur Björn Sigtryggs
til skrifara.
Dagskrá fundarins var þessi:
1. Lesið upp frumvarp til laga-
fyrir fjelagið og samþykkt með litlum
breytingum.
2. Að afla fjelaginu tekna.
Þegar um öflun á tekjum fjelag-
sins var að ræða, urðu fundarmenn ásáttir
um það, að heppilegasta leiðin væri sú að
halda skemti samkomu.

Það var þá kosin skemti-nefnd og þessir hlutu kosningu:
Sigríður Tómasdóttir með 10 atkv.
Sigríður Jónasdóttir — 7 —
Björn Jónasson — 7 —
Jón Stefánsson — 8 —
Björn Sighvggsson — 9 —
3. Kosin stjórn.
Kosningu hlutu:
Jón Stefánsson með 9 atkv —
Konráð Arngríms — 8 —
Björn Sighvggsson — 10 —
4. Reikningar fjelagsins lagðir fram, óendur skoðaðir.
5. Lesin upp fundargjörð og samþykkt

Fundi slitið.

Björn Sighvggsson
(ritari)

# Frumvarp til laga Lestrar fjelagsins „Eskan“

1. gr.
Fjelagið heitir „Eskan“
2. gr.
Tilgangur fjelagsins er sá: að veita mönnum á ljettan hátt, aðgang að bókum, tímaritum og blöðum, til fróðleiks og gagns, en fremur hjóðlega og holla skemtun.

3. gr.
Hver sem gengur í fjelagið greiði við inngöngu sína 2. kr. til gjaldkera fjelagsins

4. gr.
Aðal fundur skal haldinn um vetur-nætur ár hvert.

Hann er lögmætur, ef 2/3 hlutar fjelagsmanna eru mættir.
Auka fundir skulu haldnir ef þörf þykir.

5. gr.

Á aðal fundi ár hvert skulu reikningar fjelagsins lagðir endur skoðaðir til samþykktar.
Enn fremur kosin stjórn fjelagsins til eins árs í senn. –
Stjórn fjelagsins hafa hendi: Formaður, ritari og gjaldkeri. –

6. gr.

Formaður boðar til funda og stjórnir þeim. Hann sjer um að lögum fjelagsins, sje hlýtt og annast um öll bóka kaup með með stjórnendum sínum.

7. gr.

Ritari heldur gjörðabók fjelagsins og innfærir í hana allar fundargjörðir. Hann geymir fundabók og sjer um að hún sje til staðar á hverjum fundi. Formaður og ritari skrifa undir fundar gjörðir

8. gr.

Gjaldkeri tekur á móti árstillögum og innkallar þau, ásamt öðru fje er fjelaginu kann að veitast, og afhendir það formanni. Gjaldkeri og formaður leggja fram reikninga fjelagsins

9. gr.

Fjelagsmenn kjósa sjer bókavörð á aðal fundi, til eins árs í senn.

## 10. gr.

Bókavörður geymir bækur fjelagsins og lánar þær út, og kallar þær inn úr láni.

## 11. gr.

Allir hafa jafnan aðgang að bókum og blöðum fjelagsins en skylt er öllum að fara vel með bækur og skila þeim til bókavarðar samkvæmt umnd-um hans, er hann lánar út.

## 12 gr.

Skemmist bók meir en nokkurn slit hennar nemur, skal lántakandi borga hana fullu verði. En fari svo að bók eða bækur brenni í láni skal lántakandi eigi þurfa að greiða skaðann, heldur fjelagið sjálft.

## 13. gr.

Bókavörður ræður útlánum bóka. Hann heldur og skrá yfir allar bækur, og skrifar all útlán í eina bók sem nefnd er útlánsbók. Fari svo að tapist bók hjá bókaverði skal hann borga hana að fullu. Eigi er heimilt að lána utan fjelagsmönnum bækur. —

## 14 gr.

Sá sem segir sig úr fjelaginu skal gjöra það skriflega á aðalfundi fjelagsins.

15. gr.

Hvør fjelagsmaður skal skriva undir løgini.

16. gr.

Fari svo at bátafjelagið hetti at starva, skulu ognir fjelagsins opinbera lega boðnar upp, og verð teirra lagt í sjer-stakan sjóð, með høfiligum vøkstum. Og komi at tí at einhvør nýtsamur fjelagsskapur verður myndaður á fjelagsøkinum, og tó at fjelagsøkið verði mikið størri enn skal sjóðurin verið at fullu í tørvi tess fjelagsskapar. Verður eingin fjelagsskapur myndaður á fjelagsøkinum innan 25 ára, tá skal vøkstum sjóðsins varið til fróðleikar fátækrasta barna á økinum, og sóknarnevndin í Hoyvíkar sókn ansast hann og ber fulla ábyrgd á honum. —

17. gr.

Løg hesi ódlast gildi, strax og tey eru samtykt á aðalfundi og førast í innigjørdabókina.

18. gr.

Løgum hesum má broyta á aðalfundi, tó tí aðeins at auglýst sje með nøgum fyrivara, at lagabroyting ætli at fara fram og ¾ lutar fjelagsmanna sjeu samtyktir broytingini.

Løg hesi vóru samtykt á aðal fundi fjelagsins 30 okt. 1927. og ódlast tegar gildi, við undir og skrift fjelagsmanna. —

Hjer fer á eftir [illegible] skrift þeirra fjelagsmanna sem sem fengið hafa lögin.

1. Jón Stefánsson Þverá. —
2. Steinþór Stefánsson —
3. Sigríður Tómasdóttir —
4. Helga Sigtryggsdóttir Framnesi —
5. Broddi Jóhannesson —
6. Rannveig Þorkelsdóttir —
7. Björn Jónasson Syðri Brekkum.
8. Sigurður Jónasson —
9. Sigríður Jónasdóttir —
10. Guðvarður Guðmundsson —
11. Konráð Arngrímsson Ytri Brekkum —
12. Sigríður Björnsdóttir —
13. Pála Konráðsdóttir —
14. Sæmundur Jónasson —
15. María Jóhannesardóttir Dýrfinnust.
16. Baldvin B. Bárðdal Litladal.
17. Valdimar Stefánsson Þverá
18. Hannes Stefánsson —
19. Björn Sigtryggsson Framnesi.

— " — " —

Þess skal getið, að jeg hef skráð hjer nöfn allra þeirra fjelagsmanna sem nú eru í fjelaginu, og þá sem ekki sóttu aðal fund og þessvegna hafa ekki heyrt lögin, en jeg býst við þótt þeir vildu gjöra athugasemdir við lögin, þá kemur það ekki til greina fyrren á aðal fundi næsta ár.

Framnesi 1 des. 1927.
Björn Sigtryggsson
(ritari)
Konráð Arngrímsson
formaður

Ár 1927 8 er tala fjelagsmanna 19.

IIII. Fundargjörð. —

Sunnudaginn 25 nóvember 1928, hjelt lestrarfjelagið „Eskar" aðal fund sinn að Ytri-Brekkum.

Þetta var rætt á fundinum:

1. Lagðir fram reikningar fjelagsins, og samþyktir í einu hljóði.

II. Rætt um hvernig afla skuli fjelaginu tekna, á næsta ári. —

Ákveðið var að halda skemtisamkomu í vetur, og kosin 5 manna nefnd til þess að undirbúa samkomuna.

Þessir hlutu kosningu.

1. Valdimar Þverá
2. Steinþór Stefánsson
3. Björn Sigtryggsson.
4. Helga Sigtryggsdóttir
5. Pála Konráðsdóttir

} Skemtinefnd.

3. Rætt um verustað bókasafnsins næsta ár. Samþykt að hafa þar að Syðri-Brekkum.

4. Kosin stjórn fyrir næsta ár. Kosningu hlutu.

1. Björn Sigtryggsson
2. Konráð Arngrímsson.
3. Sigurður Jónasson.

4. Mál. Svo hljóðandi tillaga kom frá Guðvarði á Syðri-Brekkum.

Fundurinn lýtur þannig á að þörf sje á að afla fjelaginu tekna á fleiri vegu en verið hefir, svo sem að heyja á næsta sumri og felur 3ja manna nefnd sem fundurinn kýs, til þess að hafa allan framgang og undirbúning þessa máls. Kosnir voru í nefnd þessa Guðvarður Guðmundsson Björn Jónasson. Björn Sigtryggsson.

Kosnir endurskoðendur fjelagsreikninga fyrir næsta ár þessir: Guðvarður Syðri-Brekkum Björn Jónasson. Fundargjörðin lesin upp og samþykt í einu hljóði. Fundi slitið. Guðvarður (ritari Fundargjörðar)

Björn Sigtryggsson. ritari fjelagsins. | Konráð formaður

V Fundargjörð lestrarfjelagsins „Æskan“

Þriðjudaginn 7 jan. 1920 var aðalfundur lestrarfjelagsins „Æskan“ settur og haldinn að Syðri-Brekkum. Formaður fjelagsins setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Sigurð Jónasson og til fundarskrifara Magnús Frímannsson. Það skal og tekið fram að fundurinn er fyrir starfsárið 1929 sökum þess að hann komst ekki á fyr. —

Þessi mál lagði fyrir fundinn til úrlausnar:

1. Lagðir fram reikningar fjelagsins og samþyktir.

2. Rætt um fjáröflun. Fyrstur tók til máls formaður hvað þörf að afla fjelaginu tekna á einhvern hátt. Svo sem með samkomu og heyskap. — Næstur tók til máls Guðv. Guðmundsson og rakti gang heyskaparmálsins sem samþykt var á síðasta aðalfundi og af hvaða ástæðum ekki komst í framkvæmd.

Eftir nokkrar umræður var samþykt að heyja á næsta sumri og kosin nefnd til framkvæmda í því. Kosningu hlutu Guðvarður Guðmundsson. Valdimar Stefánss. Steinþór Stefánsson. Samin var reglugjörð fyrir heyskapnum. Það var kosið í skemti-nefnd og kosningu hlutu Björn Sigtryggsson Magnús Frímannsson. Guðv. Guðmundsson. Valdimar Stefánsson. Steinþór Stefánsson

Að síðustu var stjórn fjelagsins endurkosin með öllum greiddum atkvæðum.

Í fjelagið gjekk Jón Jónsson Ystugrund Magnús Frímannsson. Brekkukoti, en úr fjelaginu Sigríður Tómasdóttir Þverá, og Helga Sigtryggsdóttir Framnesi.

Ákveðið var að bókasafnið yrði á sama stað og áður og bókavörður hinn sami. Endurkosnir endurskoðendur fjelagsreikninganna.

Fundargjörðin lesin upp og samþykt. Fundi slitið.

Ritari: Magnús Frímannsson

Fundarstjóri Sigurður Jónasson.

Reglugjörð fyrir heyskap
lestrarfjelagsins í „Eskey" sumarið 1930.

1. gr.

~~Stjórn~~ Heyskaparnefnd skal ákveða
heyskapardaginn, en samt með til-
liti til þess að minstakosti helmingi
fjelagsmanna sje daginum ekki mjög
óhægt sökum eigin hagsmuna vegna —

II. gr.

Skyldir skulu allir fjelagsmenn
til að vinna jafnlangan tíma,
jafnt konur sem karlar

~~III~~. gr.

Mæti einhverjir ekki þennan ákveðna
dag, án þess að vera lögleg forfall
aðir. Lögleg forföll eru: Veikindi og
ferðalög sem hjá verða ekki komist.
Greiði þeir menn sem ekki mæta án
forfalla löglegra í heyskap kaup fyrir jafn
marga tíma og hinum sem heima var að
vinna. Karlmenn kr: 1.25 og kvenmaðurinn
kr: 0.80 á hvern klukkutíma.

IV gr.

Heyskaparnefnd annist um heyið
eða semji um hirðingu og allan um-
búnað svo tryggt sje, og komi því í
verð og innheimti andvirði þess, fyrir
sanngjarna borgun.

V gr.

Heyskaparnefnd sjer fjelaginu fyrir engja-
bletti á sem hagkvæmastan hátt að unt er.

Engir sem undirritaði undir þessa
heyskaparreglugjörð og mætti ekki að hann
úr skyldum hafi dottið. Að því athuguðu
verður að álítast að reglugjörðin hafi fremur
lítið gildi: Aths. Ritarans.

Björn Sigtryggsson.

## Fundargjörð Lestrarfjelagsins „Æskan"

Ár 1930. þann 8. dag desember mán-
aðar, var aðal fundur Lestrarfjelagsins
„Æskan" settur og haldinn að Brekkukoti. —
Formaður fjelagsins setti fundinn og nefndi
til fundarstjóra Björn á Kamnesi, en til
fundarritara Magnús Brekkukoti.
Þessi mál lágu fyrir fundinum til úrlausnar
1. Lagði fram reikninga fjelagsins
yfir síðasta starfsár þess, endurskoð-
aðir og samþykktir í einu hljóði: -
2. Formaður heyskaparnefndar tók til
máls og skýrði frá störfum nefndarinnar
og árangri, einnig reikningar fjelagsins
sýndir, og lagði eindregið til að hey-
skapur yrði stundaður fyrir fjelagið
framvegis, og var það samþykt í einu hljóði
3. Rætt um samkomu og að loknum um-
ræðum, var gengið til atkvæða, og atkv-

fjellu þannig: 8 með en 6 á móti, því
samþykt að halda samkomu. Kosningu
í samkomunefnd. Björn Kamnesi. Páll. Steind-
Guðr. Sigríður. B.
4. Kosið í heyskaparnefnd þessir:
Guðv. Björn. Steindór. Valdim.
5. Bókavörður endurkosinn
6. Endurskoðendur endurkosnir
7. Form. kom með tillögu svo hljóðandi —
Fundurinn lítur þannig á að nokkrum bók-
um fjelagsins til lesturs á fjelagssvæðinu
sje útilokað vegna slæms ástands bókanna
og því rjett að verja nokkru fje til þess að
binda bækur, sem verst eru farnar. Enn
fremur telur fundurinn, að bindingar bóka
sje sjálfsagðar vegna þess að bókanna
megi teljast öruggari framtíðareign fyrir
fjelagið bundnar en óbundnar.
8. ~~St~~ Svohljóðandi tillaga var samþykt.
Fundurinn lítur þannig á að rjett sje
að stjórn fjelagsins athugi það hvort

ekki muni vera rétt að kaupa fan-
tímarit sem hefi um talinn, en sem
ekki hafa verið keypt hingað til.

9. Stjórnin endurkosin.

10. Í félagið gengu Guðm. Jósafatsson
Björn Pálsson. Fundargjörð lesin upp
og samþykt. Fundi slitið.

Björn Sigfússon    Magnús [illegible]sson
fundarstjóri.    ritari.

## Fundargerð. 13 nóv. 1932. —

Sunnudaginn 13 nóv. 1932 var aðal fundur lestrarfélagsins „Æskan“ haldinn að Hamranesi. — Fundinn setti formaður félagsins Konráð Arngrímsson og stýrði honum. Til ritara nefndi hann Björn á Hamranesi.

Fundarmál voru:

1. Lagðir fram reikningar félagsins, af gjaldkera. Endurskoðaðir á fundinum og samþykkti.
2. Starfsemi félagsins síðasta ár.
   Formaður talaði um starfsemi félagsins síðasta ár og deildi á félagsmenn fyrir slæga framgöngu í heyskapar starfi félagsins. —
   Við nánari athugun kom það í ljós að ritari félagsins hafði ekki verið mættur á síðasta fundi og aldrei fengið í sínar hendur ritkomanda fundargerð. og lá hún því ekki fyrir þessum fundi.
   Vissi því enginn hverjir höfðu verið kosnir í þessa nefnd enda ekkert gjört í þessu máli —
3. Starfsemi félagsins næsta ár. Formaður áleit ekki aðra leið færa, til fjáröflunar, en að halda samkomur og verið hefði. Honum virtist nokkuð örðugt koma-

fram í nokkrum bókum, þar sem t.d. einn var á fjöl-
mennum bæ í félaginu, en allir nytu góðs af.
Óskaði hann breytingar á þessu á einhvern hátt.
Urðu umræður nokkrar um málið, en þó alt,
því það fanst úrlausnar þess engin.
Í sambandi við fjáröflun, komu fram
svohljóðandi tillögur.

1. Fundurinn álítur að ekki verði
hjá því komist að halda skemtisamkomu
á þessum vetri, þar sem ekki sjé um aðra
leið að ræða, er gefi peningainn-
til bókakaupa. Tillagan samþykt. —

2. Fundurinn álítur rétt vera að
kjósa nefnd er sjái um heyskap á komandi
sumri, og skal nefndin kljúfa því er reglugjörð
félagsins í heyskapar~~starfsemi~~máli því samþykt.

Þá mintist formaður á dvalastað bóka
og óskaði eftir að þær fengu að vera þar sem
þær hefðu verið, og fekst það. Kosin skemtinefnd.
Kosningu hlutu: Björn Tamnesi. Guðvarður Brekkum.
Sigríður Sigtr. Brekkum. Steinþór Þverá. Hannes Þverá

Þá var kosið í heyskaparnefnd. Þessir hlutu kosningu.
Guðvarður. Steinþór. Björn. Tamnesi: —
Var þá gengið til kosningar um stjórn félags-
ins, og hún endurkosin.
Á fundinum gekk inn í félagið
Helga á Tamnesi, og Guðmundur Hóseas-
son Ásláksh. Fundargerðin lesin upp og
samþykt. Fundi slitið.

Konráð Arngrímsson (formaður)
Björn Sigtryggsson (ritari)

## Fundargjörð 1933.

Þann 12 nóvemb. 1933 var aðalfundur lestrarfjel. „Eskan“ haldinn að Syðri-Brekkum-

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Lagðir fram reikningar fjelagsins og samþykkti í einu hljóði.
2. Hvernig eigi að afla fjel. tekna á næsta ári? og varð það strax að samkomulagi að reyna að halda samkom.
3. Kosið í skemtinefnd. Kosnir voru þessir: Páll Konráðsson. Björn Sigtryggsson Valdimar Stefánss.
4. Kosin stjórn. Kosningu hlutu Konráð Arngrímss. Björn Sigtryggss. Sigurður Jónasson.

Lesin upp fundargjörð

Fundi slitið

Konráð Arngrímsson
(formaður)

(Guðvarður Guðmunds.)
ritari

Í fundinum gekk í fjelagið Björn Pálsson á [illegible]

## Fundargjörð 1934.

Sunnudaginn 14 nóv. 1934 var aðalfundur lestrarfjelagsins Eskan haldinn að Syðri-Brekkum. Fundinn setti formaður fjelagsins og nefndi til ritara Guðvarð á Syðri Brekkum-

Fundarmál voru þessi:

1. Lagðir fram reikningar fjelagsins undirskrifaðir á fundinum og samþykkti.
2. Starfsemi fjelagsins á næsta ári. Samþykkt að efna til samkom. —
3. Kosin skemt. nefnd. Kosningu hlutu: Páll Brekkn. Hannes Kr. sr. Steinþór Þórsi Valdimar Þórsi Helgi Tómasson
4. Kosin stjórn. Konráð Björn Sigurður, sem fyr. —
5. Lesin upp fundargjörðin og samþykkt. —

Fundi slitið.

(Konráð Arngrímsson.)
formaður

Guðvarður Guðmundsson
(ritari)

Fundargjörð 21/11. 1935. —

Fimmtudaginn 21 nóv. 1935 var
aðal fundur lestrarfjelagsins „Eskan"
haldinn að Ytri Brekkum.
Fundinn setti formaður fjelagsins
Konráð Arngrímsson, og nefndi til
skrifara Björn Sigtryggsson.
Á dagskrá voru þessi mál.
1. Lagði fram reikningar fjelagsins
fyrir árið 1935, lesnir upp og samþ.
án breytinga.
2. Á hvern hátt átti að efla fjelagsins
tekna. Formaður óskaði eftir umræðum
um það mál, benti hann á að sam-
komur reyndust lélegt tekjuöflun
og æskilegt ef hægt væri að finna nýjar
leiðir. Urðu engar umræður um málið
og bar formaður að lokum fram til-
lögu, hvort fundurinn væri því ekki sam-
þykkur að halda skemmtisamkomu-

fyrir fjelagið. Var það samþykkt, —
með öllum atkvæðum.
Er hjer var komið var tveimur
nýjum fjelögum veitt móttaka í fjelagið
þeim. Guðbjörgu Runólfsdóttir og Erlendi Jónssyni.
Var því kosið í skemmtinefnd. Kosningu hlutu.
Sigurður Brekkum syðri. Björn Hamri. Páll Brekkum
Björn Pálsson. Guðbjörg Djúpinu [illegible].
3. Kosin stjórn, endurkosin, og Guðvarður
á Brekkum varamaður Konráð.
4. Fengið leyfi fyrir bókum fjelagsins næsta ár
á Syðri Brekkum. [illegible] tekið fyrir.
Fundargjörðin lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið.
Konráð Arngrímsson — Björn Sigtryggsson
(formaður) (ritari)

Fundargjörð 20/11 1936

Þess skal getið, að þegar ég tek við gjörðabók félagsins 17. nov. 1940 hafa ekki verið innfærðar fundargjörðir frá fjórum síðustu fundum og eru þær sennilega glataðar.

Fh. Ritara

Hannes Stefánsson

Fundargjörð 17. nov: 1940

Þann 17. nov: 1940 var aðalfundur
Lestrarfél. „Óskan“ haldin að
Framnesi. Formaður fjelagsins
Jón Pálmason setti fundinn. og
nefndi til fundarstjóra Björn á
Framnesi. en fundarskrifara Sigurjón
á Dyrhólmustöðum
Fundarefni voru þessi.
1. Lesnir upp reikningar fjelagsins
og þeir samþyktir.
2. Samþykt að halda skemtisamkomu
til að afla fjelaginu tekna
3. Hvort gjörlegt væri að leggja eitt-
hvað af mörkum til þess að binda
bækur fjelagsins. Jón Pálmason og
Sigurður á Brekkum tóku til máls.
töldu þeir mikla nauðsyn að binda
eitthvað af bókum fjelagsins.
Svohljóðandi tillaga kom frá Sigurði
á Brekkum. og var hún samþykt með
öllum greiddum atkvæðum
Fundurinn telur rétt að verja því
af árstekjum fjelagsins. sem kann að
verða fram yfir krónur 70. til bók-
bands á þessu ári
4. Nýir meðlimir beiddust inn í fjelagið
og voru þeir þessir. Kristín Guðvarðard.
Guðbjörg Runólfsdóttir Valgarð Runólfsson
Pálmi Runólfsson og Sigurjón Runólfss.
5. Kosið í stjórn. þessir hlutu kosningu
Jón Pálmason Sigurður Jónasson og
Hannes Stefánsson
6. Kosið í skemtinefnd. þessi voru
kosnir. Guðbjörg Runólfsdóttir. Björn Run.
Ingiríður Jónasdóttir Sigríður Jónasdótt.
og Hannes Stefánsson.
Fleira ekki tekið fyrir
Fundargjörðin lesin upp og samþykt.

Fundi slitið.

Hannes Stefánsson
Ritari

# Fundargjörð 17. nov. 1941

Þann 17. nov. 1941 var aðalfundur
Lestrarfélagsins „Öskan" haldinn
að Syðri-Brekkum.
Formaður félagsins Jón Pálmason
var ekki mættur á fundinum,
í hans stað setti fundinn og
stjórnaði honum meðstjórnandi
hans Hannes Stefánsson og nefndi
til fundarskrifara Guðvarð á
Brekkum
Á fundinum var tekið fyrir eftirfarandi
1 Lagðir fram reikningar félagsins og
voru þeir samþykktir í einu hljóði
átti félagið í sjóði kr. 35.56
keyptar bækur á árinu fyrir kr. 150.93
2. Á fundinum gengu í félagið þau
Stefán B. Guðmundsson Kolstöðum
og Sigríður Runólfsdóttir Syðrimúla
3. Rætt um tekjuöflun félagsins á
næsta ári og var tekin sú leið að
halda skemmtisamkomu
4. Kosið í skemmtinefnd. Kosningu hlutu-
Vilhjálmur Jónasson
Hannes Stefánsson
Guðbjörg Runólfsdóttir
Rúnhildur Jónasdóttir
Sigríður Jónasdóttir.
5. Kosið í stjórn félagsins. Kosningu hlutu
Jón Pálmason Akurhaga
Sigurður Jónasson Brekkum
Hannes Stefánsson Gvendá
6. Á fundinum kom uppástunga að
félagið beitti sér fyrir að fá
keypta harmonikku og var það samþykkt
Var þeim Guðvarði Guðmundssyni og
Vilhjálmi Jónassyni falið að hafa
framkvæmd um þetta mál
7. Lesin upp fundargjörðin og samþykkt.

Fundi slitið

Hannes Stefánsson

## Fundargjörð 22. nov 1942

Þann 22 nov 1942 hélt lestrarfél. „Æskan" aðalfund sinn að Ytri-Brekkum. Fundinn setti Hannes Stefánsson Þverá fyrir hönd Jóns Pálmasonar sem ekki var mættur og nefndi til fundarstjóra Vilhjálm á Ytri Brekkum og skrifara Guðvarð á Syðri Brekkum.

Þessi mál voru tekin fyrir á fundi

1. Lesnir upp reikningar félagsins. og á það í sjóði kr. 141.00 Næst voru reikningarnir bornir undir atkvæði og voru þeir samþyktir í einu hljóði

2. mál. Rætt um hvernig afla skildi félaginu tekna, framvegis. Hannes Stefánsson stakk uppá því, að hækka árstillagið úr kr. 2.00 í kr. 4.00. mælt var á móti þessu af Vilhjalmi Jónssyni Brekkum. og vildi hann láta tillagið vera óbreitt. Samþykt var með 6 atkv. gegn einu að hækka tillagið um kr. 1.00 úr kr. 2.00 í kr. 3.00

3. mál. Kosið í skemtinefnd. Kosningu hlutu
Hulda Svaðastöðum
Sigurjón Þyrfinnustöðum
Kristín Brekkum
Hannes Þverá
Sigríður Brekkum.

4. mál. Stjórnarkosning. Var stjórnin endurkosin með öllum greiddum atkv.

5. mál. Rætt um sama stað fyrir bækurnar og verða þær í Axlarhaga áfram eins og að undanförnu

6. mál. Harmonikukaup. Á síðasta aðalfundi félagsins, var tveim félagsmönnum, þeim Vilhjálmi Ytri-Brekkum og Guðvarði Syðri Brekkum. falið að reyna að útvega harmoniku en þrátt

fyrir ítrekaðar tilraunir hefir það ekki tekist, og verður horfið frá því í bili

1. Fundargjörðin lesin upp og samþykt
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið
Hannes Stefánsson

Fundargerð 3 jan 1944.

3 jan. 1944 var haldinn aðalfundur lestrarfélagsins Æskan að Dýrfinnust.
Formaður félagsins Jón Pálmason Höfðahaga setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Sigurjón á Dýrfinnust. og til fundarskrifara Hannes á Þverá.
Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Lagðir fram reikningar félagsins og átti það í sjóði kr. 195,95.
Reikningarnir voru samþyktir í einu hljóði.

2. Svohljóðandi tillaga kom frá Jóni Pálmasyni:
Fundurinn samþykkir að hækka árstillag félagsmanna úr kr 3,00 uppí kr. 5,00. En ef einhverjir gamlir félagsmenn eru óánægðir með það, skulu þeir greiða það sem þeim gott þykir fyrir næsta ár.

Tillagan var samþykkt mótatkvæðalaust.
3. Rætt um skemtun fyrir félagið á næsta ári og urðu allir ásáttir um að hafa skemmtisamkomu, og var kosin fimm manna nefnd til að standa fyrir samkomunni. Kosningu hlutu þessi:
Sigríður Brekkum
Arnfríður Aðalhaga
Björn Dýrfinnust.
Pálmi — " —
Hannes Þverá
4. Stjórnarkosning
Kosningu hlutu þessir:
Jón Pálmason
Sigurður Jónasson
Sigurjón Runólfsson
5. Rætt um stað fyrir bátinn og verður hann áfram í Aðalhaga.
6. Beiðni kom fram á fundinum frá Stefáni Jónssyni í Hjalta-staða-Koti um inngöngu í félagið en fundurinn taldi óheilbrigt að einn maður gengi í félagið af heimili sem væri svo langt frá félagssvæðinu.
7. Fundargjörðin lesin upp og samþykkt.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Sigurjón Runólfsson.

Fundargerð 26 nóv. 1944.

Sunnudaginn 26 nóv. 1944 var aðalfundur lestrarfél. Öskan settur og haldinn að Aðalhaga. Form. félagsins Jón Pálmason setti fundinn og nefndi fyrir fundarstjóra Sigurjón á Dýrfinnust., og skrifara Hannes á Þverá.
Úrsögn kom á fundinn frá einum meðlima félagsins, Sigríði Jónasdóttur Syðri-Brekkum og var hún tekin til greina.
Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Lagðir fram reikningar félagsins og þeir samþykktir.
   Sjóðseign félagsins 5 nóv. 1944 var kr. 342,74.
2. Rætt um tekjuöflun fyrir félagið á næsta ári, og var ákveðið að halda skemmtisamkomu. Kosin var nefnd til að standa fyrir samkomunni. Kosningu hlutu þessi:
   Vilhjálmur Jónasson Sigurjón Runólfsson Hannes Stefánsson, Pála Konráðsdóttir Arnfríður Jónasdóttir Kristín Guðvarðardóttir
3. Stjórnarkosning og var hún endurkosin.
4. Rætt um bókakaup, var stjórn félagsins falið að annast um þau.
5. Rætt um stað fyrir bókasafnið og verða þar áfram í Aðalhaga.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Sigurjón Runólfsson.

Hér fyrir framan vantar
fundargerðir fyrir árin 1946-1955:
og munu þær eflaust glataðar. Þegar
undirritaður tók við þessari bók 16/3 1958.

Frímann Þorsteinsson

Fundargerð:

Árið 1958 var aðalfundur Lestrarfél. Æskunnar
haldinn að Framnesi 16/3 1958. Fundir höfðu
ekki verið haldnir árin 1956-57.
Form. fél. Sigurjón Runólfsson setti fundinn
og til nefndi sem fundarritara Frímann Þ.
I. Að þessu næst las gjaldkeri fél. Sigurður
Jónasson reikninga fyrir árin 56-57.
Þeir síðan bornir undir atkvæði og
samþykktir með öllum greiddum
atkvæðum.
II. Inntaka nýrra félaga. Sigtryggur
Björnsson gekk í félagið. Jónas Vilhjálms
sendi skriflega umsókn.
III. Mál lesin voru og rædd lög eða reglu
gerð um sveita bókasöfn. Umræður urðu
nokkrar og komið inná fleira svo sem
tekju öflunar leiðir fyrir félagið.
Eftir farandi tillaga kom frá
Birni Sigtryggssyni

Aðalfundur Lestrarfél. Æskunnar haldinn 10/3 58 samþykkir að halda mótlima tillög úr kr 5 í kr 15 tillagan var samþykkt af öllum fundarmönnum og gildir frá 1/1 58.

IV. mál. kosin skemmtinefnd.
Eftir falldir hlutu kosnir.
Pálmi Runólfsson. Björn Runólfsson
Broddi Björnsson Pála Konráðsdóttir
Frímann Þorsteinsson.

V. Kosning stjórnar
Frímann Þorsteinss form.
Hannes Stefánsson ritari
Sigtryggur Björnsson gjaldkeri

Fleira var ekki ekki í dagskrá
Fundi slitið
Frímann Þ.

Fundargerð

Mánudaginn 5 jan 1959 var aðalfundur Lestrarfélagsins Æskunnar haldinn að Syðri-Brekkum. Form. Frímann Þorsteinss. setti fundinn og ritaði fundargerð.

I. mál gjaldkeri las reikninga félagsins þeir voru síðan samþykktir við atkvæðagreiðslu.

II. mál Raddar leiðir til hækkunar. tillaga kom frá Frímanni Þorsteinssyni um að hækka tillög félagsmanna úr kr 15 í 25 kr. tillagan var samþykkt.

III. mál kosning skemmtinefndar. þessir voru kosnir. Stefán Stein form
Sigtryggur Björnsson Frímann Þorsteinsson
Björn Runólfsson.

IV. kosning stjórnar. Stjórnin var endurkjörin
Frímann – Hannes. Sigtryggur.

V. mál kosinn bókavörður. Sigurjón Runólfss. var kosinn. Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Frímann Þorsteinss

## Fundargerð

Aðal fundur Lestrarfél. Öskunnar [?]
árið 1960 var haldinn að Ytri-Brekku [?]
um 9/1. Form. félagsins setti fundinn
og ritaði upp fundargerð.
I. mál gjaldkeri las upp reikninga
nokkrar umræður urðu um þá. Þessu
næst voru þeir bornir undir atkvæði
og samþykktir mót atkvæðalaust.
II. kosning skemmtinefndar. í hana
voru kosin: Arnfríður Jónasdóttir
Björn Runólfss. Frímann Þorsteinsson
Sigtryggur Björnsson. Stefán Steinþórsson
III. mál kosin stjórn. sú gamla endurkosin.
Bóka vörður endurkosinn Sigurjón Runólfs.
Fleira lá ekki fyrir fundi. fundi slitið.

Frímann Þorsteinsson

## Fundargerð.

Aðal fundur Lestrarfél. Öskunnar [?] fyrir árið
1961. var haldinn 10/1 '61 að Dýrfinnustöðum
Fundinn setti form. Frímann Þorsteinss.
hann ritaði fundargerð.
I. mál lesnir reikningar félagsins af
form. í fjarveru gjaldkera. þeir voru
ræddir lítillega síðan bornir undir
atkvæði og samþykktir.
II mál kosin skemmtinefnd sú fyrverandi
var endurkosinn.
III. mál kosinn stjórn stjórnin var
endurkosinn. sömuleiðis bóka vörður.

Fleira var ekki til umræðu og
fundi síðan slitið.

Frímann Þorsteinsson

## Fundargerð 30 des 1948.

Aðalfundur lestrarfel. „Öskan“ var haldinn að Ytri-Brekkum. 30 des 1948. Formaður félagsins Jón Pálmason Akurhaga ekki mættur.
Fundinn setti Sigurjón Rundólfsson Dyrfinnustöðum fyrir hönd formanns, og stjórnaði honum. og nefndi til ritara Björn Rundólfsson Dyrfinnustöðum.
Á fundinum gerðist eftirfarandi
1 Lesnir upp reikningar félagsins og þeir samþykktir.

## Fundargerð.

Fimmtudaginn 11. jan 1962 var aðalfundur Lestrarfélagsins Öskunnar haldinn að Hjarðarhaga, á fundinum gerðist eftirfarandi:
I. Form. las reikninga félagsins í fjarveru gjaldkera og skýrði þá, og voru þeir síðan samþykktir í einu hljóði (samhl.). Fundarritari var Pálmi Rund[illegible]
II. Skemmti nefndar kosning fyrverandi nefnd endurkjörinn:
III. kosin stjórn: Stjórnin endurkjörinn Formann Þ. Sigtryggur B. Hannes Stefánss..

Fleira ekki fyrir tekið:

Fundi slitið

Friðmann Þorsteinsson

# Fundargjörð

Árið 1963 var aðal fundur Lestrarfélags
ins Öskunnar haldinn 15 jan að Þverá
Form. Frímann Þorsteinsson setti fundinn
og stýrði honum. hann ritaði einnig
fundargjörð. Eftirfarandi var tekið
fyrir á fundinum:

I. Lesnir reikningar félagsins og ræddir
þeir voru síðan bornir undir atkvæði
samþykktir athugasemdalaust.

II. mál. Skemmtinefndar kosning
Fyrverandi nefnd var endur kosinn
þrátt fyrir þrátt fyrir hennar
aðgerða leysi.

III mál Stjórnar kosnig:
Sigtryggur Björnsson gekk úr félaginu
vegna burt flutnings. Broddi Björnss.
var kosinn gjaldkeri í hans stað.
Frímann og Hannes voru endurkjörnir.
í stjórn. og Sigurjón Runólfss. bókavörður

IV. Borin var fram tillaga á fundinum
umað hækka meðlima tillög úr kr 25 í
kr 75 – tillagan var felld.
Fleira var ekki rætt á fundinum
Fundi var síðan slitið.

Frímann Þorsteinsson

## Fundargjörð

Árið 1965 var aðalfundur Lestrarfél. Æskunnar haldinn 17/1 að Syðri-Brekkum.
Form. Frímann þ. setti fund og stjórn: fundargerð reit hann einnig.
Bodil Björnsson gjaldkeri las reikninga og skýrði: þeir hlutu náð fundarmanna og voru samþykktir einróma.
Sú gamla og góða stjórn var endurkosin. Skemmti nefnd var látin liggja milli hluta, var talin gagnslaus sam hvernig fengin reynslu.
Fundar menn tóku síðan upp léttara hjal og var fundi síðan slitið.

Y. Brekkum 12/1 '66 Frímann Þorsteinsson

Eftirfarandi féll niður úr næstu Fundargjörð: Fundinum barust til máli frá Lestrarfél. Flugumýrarsóknar um athugun á sameingu félaganna: Fundar menn lýstu sig fylgjandi slíkri athugun og fólu stjórninni og ~~[illegible]~~ að athuga þetta mál. Frímann þ.

## FUNDARGJÖRÐ

Aðalfundur Lestrarfél Æskunnar árið 1966 var haldinn 12/1 1966. að Ytri-Brekkum.
Form. setti fund og ritaði fundargerð.
I. Gjaldkeri las reikninga og útskýrði þeir voru síðan samþykktir athugasemda laust:
Þessu næst var kannað fylgi stjórnarinnar og hún rekin áfram í starfi en ekki frá völdum. Skemmti nefnd ekki talin umtals verð vegna hennar amlóða háttar og annara ástæðna: Meðlimir þetta ár voru 13. fundar menn ræddu málefni félagsins hælt og bælt og er ekkert af því hér til fært, enda töluðu helst ekki fleiri en 4-6 í einu: Fundi var loks slitið eftir ánægju lega stund:

Frímann Þorsteinsson.

# Fundargjörð

Aðalfundur Lestrarfél. Æskunnar fyrir árið 1967, var haldinn að Sýrfinnustöðum tímalega í janúar sama ár. Form. stýrði fundi og reit fundargerð.
I. mál reikningar félagsins lesnir og ræddir, síðan greidd atkvæði um þá og hlutu þeir einróma samþykki fundarmanna.
II. skemmt- nefndar kosning varð engin, ekki talið hafa neinn tilgang. aðeins treysta tillag félagsmanna og styrk- frá Ríki og Akrahrepps einsog almörg undanfarin ár.
III. mál stjórnar kosning. stjórnin var endurkosin. Fríman, Broddi Hannes. Bókavörður kosinn: Sigurjón Runólfsson.

IV. Tillaga kom fram á fundinum um að hækka meðlima tillag úr kr 25 í kr 100. Tillagan var samþykkt.
Í félagið gengu Jónas Halldórs Syðri-Borgukum og Jónas Vilhjálmsson Ytri- Borgukum.
Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum Fundi síðan slitið.

Frímann Þorsteinsson

# FUNDARGJÖRÐ

Aðalfundur Lestrarfél. Æskunnar árið 1968 var haldinn 3/2 að Hjarðarhaga. Fundarstjóri var form. fél. Frímann Þorsteins. hann ritaði þessa fundargjörð:

I. mál. Gjaldkeri las upp reikninga fyrir árið 1967. Nokkuð spjallað um þá af þeir síðan bornir undir atkvæði og samþykktir:

II. mál. Skemmtinefndar kosning fór ekki fram, var ekki talið hafa neina þýðingu samkvæmt fenginni reynslu.

III mál. Stjórnar kosning:
Frímann og Broddi báðust undan endurkjöri og var ekki mikils í misst fyrir félagið. þessir hlutu kosningu
Hreinn Jónsson Þverá
Pálmi Runólfsson Hjarðarhaga
Hannes Stefánsson Þverá
þessir menn síðan skiptu með sér með orðum. Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið

Frímann Þorsteinsson

Fundargjörð

Sunnudaginn 23/2 1969 var haldinn auka fundur í Lestrarfélaginu Áslunni. fundarstaður var þ. s. a. Á fundinum mættu auk félaga úr Áslunni nokkrir fyrverandi félagar úr Lestrarfélagi Flugumýrarsóknar I. mál á dagskrá var Stækkun á félagssvæði Áslunnar. Málið var rætt frá ýmsum hliðum. Helstu niðurstöður urðu þessar I: Reynt yrði að form-lega um fundi fyrir 1. des næstkomandi þar sem gengið yrði frá þessum málum og lagt fram frumvarps-uppkast að lögum fyrir félagið sem heild eða einsog það yrði eftir stækkunina.

II. mál kosinn var bráða birgða stjórn framað áður nefndum fundi

þessir voru til kosnir:
Magnús H. Gíslason Frostastöðum
Hreinn Jónsson Þverá
Þorsteinn Sigurðsson Hjaltastaðahvammi
Sigurjón Runólfsson Dýrfinnustöðum
Frímann Þorsteinsson Syðri-Brekkum
Stjórninni var ætlað koma á eftir framan-
greindir nefndar fund. Semja uppkast
að lögum fyrir félagið og leggja
það fram á þeim fundi. Kanna
bókaeign beggja áður talinna
lestrarfélaga. Af tölum þessum
starfinu skyldi boðað til fundar.
Fleira var ekki rætt á fundi-
num. Fundi síðan slitið.
Fundarstjóri var Hreinn Jónsson
Fundaritari Frímann Þorsteinsson

Frímann Þorsteinsson

20 auðar síður